Sþ. **343. Tillaga til þingsályktunar** [179. mál]

um annan áfanga í samgönguþætti Vestfjarðaáætlunar.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Matthías Bjarnason, Hjördís Hjörleifsdóttir, Bjarni Guðbjörnsson, Þorv. Garðar Kristjánsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta halda áfram samgönguþætti Vestfjarðaáætlunar. Gerð verði framkvæmdaáætlun um veigamestu verkefni, sem úrlausnar bíða, og sérstaks fjármagns aflað til framkvæmdanna umfram almenna fjárveitingu til samgöngumála. Sérstaklega skal lögð áherzla á að tengja það vegakerfi, sem byggt var í fyrsta áfanga Vestfjarðaáætlunar í samgöngumálum, við vegakerfi landsins með varanlegri vegagerð.

Stefnt skal að því, að framkvæmdaáætlun þessi verði tilbúin að ári liðnu.

## Greinargerð

Samgönguþáttur Vestfjarðaáætlunar er sá eini, sem hafinn hefur verið. Nefna mætti það, sem gert hefur verið, fyrsta áfanga þess þáttar. Áherzla hefur verið lögð á að endurbæta ýmsar hafnir, tvo meginflugvelli kjördæmisins, en e. t. v. fyrst og fremst á það að endurbæta vegakerfi út frá þéttbýliskjörnum. Sá misskilningur virðist hins vegar mjög almennur, að með þessari framkvæmd Vestfjarðaáætlunar séu samgöngumál kjördæmisins og ekki sízt vegakerfi komið í viðunandi horf. Því fer víðs fjarri. Þótt meta beri það, sem gert hefur verið, er þó enn ólokið afar mikilvægum framkvæmdum í samgöngumálum Vestfjarða, einkum á sviði vegamála,

og m. a. ólokið ýmsu, sem er á fyrri áætlun. Með þingsályktunartillögu þessari er að því stefnt, að unnið verði áfram að veigamestu þáttum samgöngumála Vestfjarða eftir fyrirframgerðri áætlun. Aðeins með því að hraða nauðsynlegum framkvæmdum nýtist það fjármagn að fullu, sem að undanförnu hefur verið lagt í að bæta ýmsa vegakafla á Vestfjörðum.

Sérstök áherzla er lögð á, að fjármagn verði útvegað til þess að ljúka ýmsum þáttum fyrri áætlunar, svo sem t. d. jarðgöngum á Breiðadalsheiði, frekari lagfæringu Bolungarvíkurvegar, malbikun Ísafjarðarflugvallar o. fl.

Í því, sem hér hefur verið nefndur annar áfangi Vestfjarðaáætlunar í samgöngumálum, virðist einna mikilvægast að tengja það vegakerfi, sem nú hefur verið byggt, við vegakerfi landsins með varanlegri vegagerð. Í því skyni virðast tvær framkvæmdir einna mikilvægastar.

Nú er unnið að lagningu svonefnds Djúpvegar. Er þess vænzt, að lagningu hans frá Ísafirði að Ögri verði lokið á næstu tveimur til þremur árum. Í framhaldi af þessum vegi er nauðsynlegt að endurbæta stórlega vegakerfið frá Ögri inn Djúpið og síðan suður yfir fjöll, þannig að tengt verði vegakerfi landsins og vegir þess geti borið þá þungaflutninga, sem óhjákvæmilega munu beinast á þessa leið. Í þessu sambandi er m. a. nauðsynlegt að kanna, hvaða leið beri að fara. Tvær leiðir virðast koma til greina. Í fyrsta lagi nokkurn veginn þar, sem núverandi vegarslóði liggur yfir Þorskafjarðarheiði eða inn Laugabólsdal og yfir Kollafjarðarheiði, sem er yfir minni fjallveg að fara og mundi tengja þennan veg fyrr vegi um Austur-Barðastrandarsýslu. Þetta þarf hvort tveggja að athugast mjög vandlega.

Þannig er ljóst, að vegaframkvæmdum við Djúpið frá Ísafirði og suður í Reykhólasveit er hvergi nærri lokið, þótt lokið verði vegalagningu að Ögri. Sjálfsagt virðist að horfast í augu við þessa staðreynd, kanna hið fyrsta alla möguleika og vinna að framhaldi umræddra vegaframkvæmda samkvæmt fyrirframgerðri áætlun. Aðeins með því móti kemur hinn dýri vegur, en nauðsynlegi, að Ögri að fullum notum hið fyrsta og nýtist að fullu það fjármagn, sem í hann er lagt.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að tengja hina nýju vegi á suðurhluta Vestfjarða og hinn nýja veg sunnan Þingmannaheiðar vegakerfi landsins með áframhaldandi vegalögn um Barðastrandarsýsluna.

Nú er unnið að lagningu vegar inn Þorskafjörð. Er þannig fjarlægzt þá hugmynd að leggja veg yfir og brúa Þorskafjarðarmynni. Sjálfsagt virðist þó, að það sé athugað nánar en gert hefur verið. Jafnframt virðist nauðsynlegt að kanna, hvort ekki kemur til greina að leggja veginn út Þorskafjörðinn innanverðan út á Hallsnes og síðan yfir Djúpafjörð og Gufufjörð. Mun þar vera um tiltölulega auðvelda framkvæmd að ræða, en engu að síður losa veginn við tvo erfiða hálsa. Þessari vegagerð þyrfti að ljúka hið fyrsta og ef til vill tengja þennan veg um Djúpið með vegalögn yfir Kollafjarðarheiði, eins og áður hefur verið nefnt.

Eins og nú hefur verið lauslega rakið, eru möguleikar margir við umræddar vegaframkvæmdir. Því er afar nauðsynlegt, að þeir séu allir kannaðir til hlítar hið fyrsta og sú leið valin, sem hentugust telst.

Einnig er nauðsynlegt, að lokið verði við vegarkafla, sem hafa orðið útundan. Einna mest áberandi er í þessu sambandi framhald vegarins sunnan Þingmannaheiðar inn í Vatnsfjörð og um Barðaströndina og vegur yfir Hrafnseyrarheiði.

Strandasýslan er nú talin með Norðurlandsáætlun í samgöngumálum. Þótt segja megi, að ekki skipti höfuðmáli, í hvora framkvæmdina Strandasýslunni er skipað, virðist þó að ýmsu leyti eðlilegast, að hún fylgi Vestfjarðakjördæmi. Því þarf að kanna, hvort ekki er rétt að flytja sýsluna úr Norðurlandsáætlun yfir í Vestfjarðaáætlun í samgöngumálum. Aðalatriðið er þó hitt, að ólokið er mjög mikilvægum vegaköflum á Strandavegi. Gera verður ráð fyrir því að ljúka þessum köflum og koma fullkomnum vegi a. m. k. í Bjarnarfjörð.

Rétt er einnig að vekja athygli á eðlilegum tengslum Strandasýslu við Austur-

Barðastrandarsýslu, t. d. með vegagerð yfir Tröllatunguheiði, sem viðurkennd er mjög mikilvæg í þessu skyni fyrir bæði sýslufélögin.

Ljóst má vera af því, sem hér hefur verið talið, að víðs fjarri er, að lokið sé vegagerð á Vestfjörðum. Einnig má vera ljóst, að því, sem er ábótavant, verður ekki lokið á næstu fáum árum. Hins vegar er það skoðun flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu, að betur verði unnið, ef hinum stóru verkefnum er raðað, að vel athuguðu máli, á framkvæmdaáætlun og kostnaður áætlaður. Aðeins þannig verður markvisst unnið að því að koma samgöngumálum Vestfjarðakjördæmis í viðunandi horf á sem skemmstum tíma, m. a. með lánsfé.

Ef til vill þykir sumum, að eitt ár til slíkrar áætlunar sé of skammur tími. Vera má, að svo sé. En í því sambandi er þó rétt að athuga, að slíka áætlun þarf stöðugt að endurbæta og endurskoða, þannig að í upphafi er fyrst og fremst um að ræða sæmilega ýtarleg drög að þeirri áætlun, sem endanlega verður framkvæmd. Með slíkum vinnubrögðum ætti þó að vera unnt að hefja skipulega framkvæmd fyrr, en vinna jafnframt að nánari útfærslu áætlunarinnar.

Í þessari greinargerð hefur fyrst og fremst verið rætt um vegakerfið, enda er það skoðun flutningsmanna, að átakið sé þar stærst, nauðsynlegt. Þó er ljóst, að ýmiss konar úrbóta er þörf við hafnir kjördæmisins og flugvelli. Lögð er áherzla á, að á þetta verði jafnframt litið og þau meginatriði, sem nauðsynlegt virðist að framkvæma, tekin með í umrædda samgönguáætlun. Langsamlega fjárfrekastar munu þó verða framkvæmdir við meginþjóðvegakerfi Vestfjarða.

Jafnhliða því, sem unnið er að hinum stóru framkvæmdum samkvæmt sérstakri áætlun, m. a. á sviði vegamála, verður að leggja áherzlu á endurbætur á vegum í hinum ýmsu hreppum samkvæmt hinni almennu vegáætlun. M. a. er mjög áberandi á Vestfjörðum, eftir að góðir fjallvegir hafa verið lagðir á milli fjarða, hve vegir um byggð eru lélegir. Víða eru þeir ófærir fram eftir vori vegna skafla og bleytu, þótt hinir nýju fjallvegir séu opnir. Veldur þetta að sjálfsögðu miklum erfiðleikum og lélegri nýtingu fjallveganna. Úr þessu er nauðsynlegt að bæta hið fyrsta, ef hinir nýju vegir eiga að koma að fullum notum, en eðlilegt virðist, að það sé gert samkvæmt hinni almennu vegáætlun.

Ekki hefur heldur verið gert ráð fyrir svonefndri varanlegri vegagerð í þeirri áætlun, sem hér er lagt til, að gerð verði. Vegna sjávarútvegsins og fiskvinnslu er þó orðið nauðsynlegt að leggja olíumöl, malbika eða steypa vegakafla í kringum fiskvinnslustöðvar. Svo mun þó vera víðar, m. a. af þessari sömu ástæðu og vegna mikillar umferðar, t. d. frá Ísafjarðarflugvelli og út í Hnífsdal. Slíkt þarf að kanna sérstaklega.

Höfuðtilgangurinn með þessari þingsályktunartillögu er að fá unnið skipulega að því að tengja þá nútíma vegakafla, sem hafa verið lagðir á undanförnum árum út frá þéttbýliskjörnum á Vestfjörðum og á fáeinum stöðum í Strandasýslu, vegakerfi landsins sem fyrst og sem bezt.